




# ORKUSTOFNUN

Orkuugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík  
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Umhverfisstofnun  
b.t. Sigurðar Ingasonar  
sérrfræðings  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK



Reykjavík, 8. desember 2014  
Tilvísun: 2014100001/22.12  
Verknúmer: 3340301

## Efni: Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir Dýrfisk hf. til framleiðslu á regnboga-silungi í sjókvíum út af Sandeyri á Snæfjallaströnd í Ísafjarðardjúpi

Þann 2. október sl. barst Orkustofnun með bréfi frá Umhverfisstofnun, dags. 1. október 2014, kynning á tillögu að starfsleyfi fyrir Dýrfisk hf., kt.: 700807-0450, Hafnarbakka 8, 425 Flateyri, til framleiðslu á allt að 4.000 tonnnum á ári af regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi, þ.e. á svæði út af Sandeyri á Snæfjallaströnd.

Með bréfinu fylgdu eftirfarandi gögn:

1. Tillaga að starfsleyfi: framleiðsla á regnbogasilungi: Dýrfiskur hf. vegna Ísafjarðardjúps (11 bls.).

Í bréfinu er vísað til þess að tillögu að starfsleyfi megi einnig nálgast á vefsíðu Umhverfisstofnunar, ásamt fylgigögnum sem eru eftirfarandi:

1. Umsókn Dýrfisks hf., dags. 8. apríl 2014, um starfsleyfi (endanleg útgáfa).
2. Bréf Dýrfisks hf. til Umhverfisstofnunar, dags. 18. mars 2014; umsókn um starfsleyfi.
3. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 6. mars 2014.
4. Bréf Dýrfisks hf. til Skipulagsstofnunar, dags. 20. desember 2013; tilkynning um stækkun í 4.000 tonna ársframleiðslu á regnbogasilungi við Snæfjallaströnd (Sandeyri) í Ísafjarðardjúpi.

Orkustofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreinda tillögu að starfsleyfi:

### 1.1 Rekstraraðili

Í annarri málsgrein er rætt um rekstur á "verksmiðju", en þessu orðalagi hlýtur að þurfa að breyta með tilliti til þess að tillagan að starfsleyfi fjallar um framleiðslu á regnbogasilungi.

### Viðauki 2. Afmörkun á eldissvæði út af Sandeyri

Orkustofnun bendir á, að hnitin fjögur (A–D) sem afmarka eldissvæði Dýrfisks hf. út af Sandeyri, og gefin eru upp í viðauka 2, eru ekki að öllu leyti þau sömu og gefin eru upp í töflu 1 á bls. 8 í greinargerð sem fylgir tilkynningu Dýrfisks hf. til Skipulagsstofnunar, dags. 20. desember 2013. Í viðauka 2 eru hnit C og D á 23°, en á 22° í tilkynningu Dýrfisks hf. til Skipulagsstofnunar.

Að mati Orkustofnunar er kort í viðauka 1 einungis yfirlitskort, þar sem sjá má hvar í Ísafjarðardjúpi eldissvæði Dýrfisks hf. er staðsett. Orkustofnun telur æskilegt, að starfsleyfinu fylgi staðsetningarkort á sjókortagrunni og í hærri upplausn, og leggur því til að kortið (mynd 1 á bls. 8) úr greinargerð sem fylgir tilkynningu Dýrfisks hf. til Skipulagsstofnunar, verði haft í viðauka 2, ásamt hnitunum sem afmarka eldissvæðið.

### Leyfi til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti í Ísafjarðardjúpi og víðar

Orkustofnun bendir á, að í gildi er leyfi sem stofnunin veitti Íslenska kalkþörungafélaginu ehf. til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti á hafsbotni í Önundarfirði og Ísafjarðardjúpi, að meðöldum Jökulfjörðum, en leyfið má finna á vef Orkustofnunar, þ.e. á slóðinni: <http://www.os.is/orkustofnun/leyfisveitingar/utgefin-leyfi/>. Gildistími leyfisins var frá 29. júní 2011 til 31. júlí 2014, en með bréfi til Íslenska kalkþörungafélagsins ehf., dags. 22. apríl 2014, var gildistími leyfisins framlengdur til 31. mars 2015, og að auki var bætt við rannsóknaborunum.

Íslenska kalkþörungafélagið ehf. hefur ekki leitað að kalkþörungaseti á hafsbotni utan/vestan við Ytraskarð á Snæfjallaströnd, og því hefur Orkustofnun ekki upplýsingar um hvort að kalkþörungaset er að finna á eldissvæði Dýrfisks hf. út af Sandeyri. Í ljósi þess leggur Orkustofnun til að mörk eldissvæðisins á milli hnita B og C verði færð út að 25 m jafndýptarlínu, því stór hluti kalkþörungasetis á Vestfjörðum og í Húnaflóa finnst á 10–20 m sjávardýpi.

Virðingarfyllst  
f.h. orkumálastjóra



Bryndis G. Róbertsdóttir  
land- og jarðfræðingur



Skúli Thoroddsen  
lögfræðingur